



Alþingi

6.október 2023

Atvinnuveganefnd

Berist til Þórarins Inga Péturssonar, formanns

Efni

Umsögn Samtaka ungra bænda um
þingsályktunartillögu um ætliðaskipti og nýliðun í landbúnaðarrekstri, þingskjal 52 – 52. mál.

Samtök ungra bænda lýsa yfir ánægju sinni með tillögu þessa og telja að hún sé í öllum atriðum til þess fallinn að hlúa að áframhaldandi landbúnaði á jörðum og auðveldi til muna kynslóðaskipti milli ætliða. Varðveisla öflugs landbúnaðar og þekkingar á landi og búsháttum eflist með breytingum sem þessum. Því er talið mjög brýnt að þetta mál nái fram að ganga eins fljótt og unnt er.

Aftur á móti geta samtökin ekki horft fram hjá þeim hópi ungs fólks sem hefur brennandi áhuga og metnað til að fara í búskap en eru ekki lögerfingjar að bújörðum í rekstri. Nú þegar er talsverður aðstöðumunur á milli þessara hópa og með þessu er aukið á það bil.

Að því sögðu telja samtökin að til viðbótar við efni þessarar þingsályktunartillögu þurfi að leita allra leiða til að auðvelda og auka nýliðun á breiðari grunni.

Eftirfarandi eru leiðir og aðgerðir sem vert er að skoða:

- **Aukinn nýliðunarstuðningur**

Auka fjármagn til nýliðunarstuðnings skv búvörusamningum. Núverandi fjármagn dugir skammt og þynnist verulega út á fjölda umsækjenda.

- **Álag á opinberan stuðning til nýliða**

Greiða sérstakt álag á opinberar stuðningsgreiðslur til nýliða með sambærilegum skilyrðum og nýliðunarstuðningur er greiddur.

- **Hagstæðari fjármögnun fyrir nýliða - hlutdeildarlán**

Nú þegar eru í boði hlutdeildarlán til byggingar íbúðarhúsnæðis í þéttbýli en dreifbýlið fellur þar utan við. Brýnt er að horfa til breytinga þar á. Ennfremur má horfa á möguleika á hliðstæðum hlutdeildarlánnum í landbúnaði með tilkomu þolinmóðs fjármagns með sömu hugmyndafræði að leiðarljósi. Vaxtakostnaður og þung skuldabyrði er ein helsta fyrirstaða og ógn við framtíð íslensks landbúnaðar.

- **Ráðstöfun séreignasparnaðar**

Samanber umsögn Bændasamtaka Íslands um að heimilt verði að nýta séreignasparnað til greiðslu á höfuðstól landbúnaðarlána.

Samtök ungra bænda hvetja þar með flutningsmenn tillögunnar til að ganga enn lengra til að auðvelda og auka nýliðun í landbúnaði og eru Samtök ungra bænda reiðubúin til samtals um frekari aðgerðir þess efnis.

Virðingarfyllst

Stjórn Samtaka ungra bænda